



Jafnréttisstefna og jafnréttisáætlun **Suðurnesjabæjar 2023-2027**

Tilgangur og gildissvið

Tilgangur og markmið jafnréttisstefnu Suðurnesjabæjar er að stuðla að velferð, vellíðan og jafnrétti starfsmanna og íbúa sveitarfélagsins.

Jafnréttisstefnan nær til allrar starfsemi sveitarfélagsins og er hluti af allri stefnumótun sveitarfélagsins. Jafnréttisstefnuna skal endurskoða á fjögurra ára fresti sbr. 13.gr. laga nr. 151/2020 um stjórnsýslu jafnréttismála.

Jafnréttisstefna

Jafnréttisstefna Suðurnesjabæjar er unnin í samræmi við lög nr. 150/2020 um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna. Jafnréttisstefnan tekur mið að fimmta heimsmarkmiði Sameinuðu þjóðanna sem fjallar um jafnrétti kynjanna.

Suðurnesjabær leggur áherslu á velferð allra, jöfn tækifæri, vellíðan á vinnustað og vellíðan í búa. Suðurnesjabær skuldbindur sig í að vinna markvisst að jafnréttismálum hjá sveitarfélaginu. Árlega skal taka saman yfirlit yfir stöðu jafnréttismála og skal samantektin vera aðgengileg starfsmönnum og almenningi.

Til að framfylgja jafnréttisstefnunni hefur Suðurnesjabær sett sér jafnréttisáætlun til að ná jafnréttismarkmiðum sínum.

Jafnréttisáætlun

Jafnréttisáætlun Suðurnesjabæjar miðar að því að allir starfsmenn sem íbúar félagsins fái notið mannréttinda án tillits til uppruna þeirra, þjóðernis, litarháttar, trúarbragða, stjórnmalaskoðana, kyns, kynhneigðar, aldurs, efnahags, ætternis, fötlunar, heilsufars eða annarrar ómálefnalegar stöðu.

Jafnréttisáætlun Suðurnesjabæjar nær til allrar starfsemi Suðurnesjabæjar og þar með allra stofnana, deilda og þjónustu sem Suðurnesjabær veitir. Áherslupættirnir eru:

- **Suðurnesjabær sem vinnustaður**
- **Íbúar Suðurnesjabæjar (stjórnvald og þjónustuveitandi)**

Bæjarráð Suðurnesjabæjar varðar veginn að jafnréttismálum í Suðurnesjabæ en bæjarstjóri, sviðsstjórar og stjórnendur sveitarfélagsins bera ábyrgð á að fylgja áætluninni eftir. Þá ber hverri stofnun með starfsmenn 25 eða fleiri að setja sína áætlun/undiráætlun sem er í samræmi við jafnréttisáætlun Suðurnesjabæjar.

Suðurnesjabær sem vinnustaður

Markmið Suðurnesjabæjar er að vera eftirsóknarverður vinnustaður og að sveitarfélagið hafi á hverjum tíma að skipa starfsfólki sem hefur viðeigandi þekkingu, hæfni og reynslu til að sinna fjölbreyttum verkefnum sveitarfélagsins með það að leiðarljósi að sveitarfélagið uppfylli hlutverk sitt. Suðurnesjabær skuldbindur sig til að fylgja lögum nr. 150/2020 um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna, og lögum nr. 86/2018 um jafna meðferð á vinnumarkaði.

Launajafnrétti

Suðurnesjabær hefur sett sér jafnlaunastefnu, launastefnu og hefur hlotið jafnlaunavottun skv. staðlinum IST 85. Með stefnunum leggur sveitarfélagið áherslu á að allar launaákvæðanir séu í samræmi við jafnréttislöggjöf og allar forsendur launaákvæðana eru studdar starfslýsingum, starfsmati, kjarasamningum, málefnalegum rökum og tryggja að sömu laun séu greidd fyrir sambærileg eða jafnverðmæt störf.

Markmið: tryggja launajafnrétti í samræmi við jafnréttislöggjöf og að allar launaákvæðanir séu gegnsæjar, málefnalegar, skjalfestar og í samræmi við forsendur sveitarfélagsins.

<i>Aðgerð</i>	<i>Ábyrgð</i>	<i>Tími</i>
Innleiðing, viðhald og rekstur á vottuðu jafnlaunakerfi skv. viðeigandi kröfum ÍST85	Bæjarstjóri	Árlega
Launagreining unnin árlega af óháðum aðila	Mannauðsstjóri	Árlega
Innri úttektir framkvæmdar á jafnlaunakerfinu	Gæðastjóri	Árlega eða oftár
Aðgerðaráætlun gegn launamun og óútskýrður launamunur leiðréttur	Mannauðsstjóri	Alltaf

Ráðningar

Suðurnesjabær tryggir að gæta fyllsta jafnræðis við ráðningar í störf hjá sveitarfélaginu og að val á starfsfólki sé óháð kyni. Þá mun Suðurnesjabær haga auglýsingum sínum um laus störf með þeim hætti að þau höfði til allra og við ráðningar mun hæfni einstaklinga ráða för við boð um störf.

Ráðningarferlið skal vera hlutlaust og horft til hlutlausra mælikvarða við mat á umsækjendum með það að markmiði að draga fram kosti og hæfileika hvers umsækjanda.

Markmið: Laus störf hjá sveitarfélaginu eru auglýst og allir hvattir til sækja um óháð uppruna, þjóðernis, litarháttar, trúarbragða, stjórnmálaskoðana, kyns, kynhneigðar, aldurs, efnahags, ætternis, fötlunar, heilsufars eða annarrar ómálefnalegar stöðu.

<i>Aðgerð</i>	<i>Ábyrgð</i>	<i>Tími</i>
Atvinnuauðgýsingar séu kynhlutlausar og allir hvattir til að sækja um	Mannauðsstjóri	Alltaf þegar starf er laust til umsóknar
Samantekt yfir auglýst störf, umsækjendur og ráðningar	Mannauðsstjóri	Desember ár hvert

Markmið: Jafna hlutfall kynjanna í stjórnunarstöðu, nefndum, ráðum og vinnuhópum ásamt í ákveðnum starfsgreinum hjá sveitarfélaginu þar sem störf eru kynskipt.

<i>Aðgerð</i>	<i>Ábyrgð</i>	<i>Tími</i>
Taka saman lykilupplýsingar um fjölda stjórnenda, starfsfólks eftir kyni innan ákveðinna starfsgreina og bregðast við kynjahalla ef við á	Mannauðsstjóri	Janúar ár hvert
Taka saman lykilupplýsingar um kynjahlutfall nefndarmanna og vinnuhópa og bregðast við kynjahalla ef við á	Bæjarráð	Janúar ár hvert

Starfspróun og endurmenntun

Öflugur mannaúður er mikilvægur Suðurnesjabæ og íbúum þess. Þar af leiðandi leitast Suðurnesjabær við að vera þekkingarsamfélag sem stuðlar að sí- og endurmenntun starfsmanna sinna þar sem öllum eru gefin jöfn tækifæri til slíks. Allt starfsfólk er hvatt til að efla sig og þróa sem einstaklinga með því að sækja námskeið til að auka hæfni og færni í starfi. Gæta skal þess að mismuna ekki starfsfólki eftir kynferði við úthlutun verkefna og tækifæra til framgangs eða tilfærslu í starfi.

Markmið: Starfsþjálfun, endurmenntun og símenntun sé aðgengileg öllum óháð kyni

<i>Aðgerð</i>	<i>Ábyrgð</i>	<i>Tími</i>
Útbúa sí- og endurmenntunaráætlun Suðurnesjabæjar	Mannauðsstjóri	September 2023

Árlega er sí- og endurmenntunarpörf starfsstöðva metin og áætlun gerð þar um.	Mannauðsstjóri og stjórnendur	Júní ár hvert
Tryggja að starfsþjálfun, sí- og endurmenntun standi öllu jafnt til boða	Mannauðsstjóri og stjórnendur	Alltaf
Tölfræði um sí- og endurmenntun þátttaka starfsmanna metin út frá aldri, kyni og þjóðerni.	Mannauðsstjóri	Apríl ár hvert

Samræming fjölskyldu- og atvinnulífs

Suðurnesjabær leitast við að vera fjölskylduvænt sveitarfélag og á það jafnt við um þá þjónustu sem veitt er íbúum og sem fyrirmyndar vinnustaður.

Markmið: Gera starfsfólki kleift að samræma fjölskyldulíf og starfsskyldur sínar. Vinnutími sé fyrirsjáanlegur og sveigjanlegur til að auðvelda starfsfólki að samræma einkalíf, fjölskylduábyrgð og starf.

<i>Aðgerð</i>	<i>Ábyrgð</i>	<i>Tími</i>
Að vinnutími sé fyrirsjáanlegur og sveigjanlegur, eins og unnt er og þegar því er við komið	Stjórnendur	Alltaf
Tryggja réttindi foreldra af öllum kynjum til að nýta sér rétt til fæðingarorlofs og veikinda barna	Mannauðsstjóri og stjórnendur	Alltaf
Samtal og endurkomuáætlun til starfa eftir fæðingarorlof eða veikindaleyfi.	Stjórnendur	Alltaf

Einelti, kynferðisleg áreitni, kynbundin áreitni og ofbeldi

Suðurnesjabær leggur áherslu á öryggi, heilsu og vellíðan starfsfólks í hvívetna, tekur skýra afstöðu gegn einelti, áreitni og ofbeldi. Þá leggur Suðurnesjabær áherslu á að byggja upp heilbriggt vinnuumhverfi þar sem hver og einn starfsmaður fær tækifæri til að njóta sín. Suðurnesjabær vinnur markvisst að efla og styrkja félagslega umhverfið og hefur sett sér aðgerðir til að ná settum markmiðum.

Stjórnendur ásamt starfsfólki bera ábyrgð á því að stuðla að góðri vinnustaðamenningu þar sem einelti, kynferðisleg áreitni, kynbundin áreitni og ofbeldi fær ekki að viðgangast og er undir engum kringum stæðum liðið á starfsstöðvum sveitarfélagsins.

Birtingarmyndir eineltis, áreitni og ofbeldis eru margvíslegar. Þær geta falist í orðum, látbragði, óvelkominni snertingu eða verið rafrænar til dæmis á samfélagsmiðlum eða í tölvupósti.

Skilgreiningar:

Þegar fjallað er um einelti, kynferðislega- og/eða kynbundna áreitni, ofbeldi eða hegðun sem veldur vanlíðan þá er stuðst við eftirfarandi skilgreiningar. Þessar skilgreiningar byggja á gildandi lögum og reglugerðum

Einelti: er síendurtekin hegðun sem almennt er til þess fallin að valda vanlíðan hjá þeim sem fyrir henni verður, svo sem að gera lítið úr, móðga, særa eða ógna viðkomandi eða að valda honum ótta. Skoðanaágreiningur eða ágreiningur vegna ólíkra hagsmuna fellur ekki hér undir

Kynferðisleg áreitni: er hvers kyns kynferðisleg hegðun sem hefur þann tilgang eða þau áhrif að misbjóða virðingu þess sem fyrir henni verður, einkum þegar hegðunin leiðir til ógnandi, fjandsamlegra, niðurlægjandi, auðmýkjandi eða móðgandi aðstæðna. Hegðunin getur verið orðbundin, táknræn og/eða líkamleg.

Kynbundin áreitni: er hegðun sem tengist kyni þess sem fyrir henni verður, er í óþökk viðkomandi og hefur þann tilgang eða þau áhrif að misbjóða virðingu viðkomandi og skapa aðstæður sem eru ógnandi, fjandsamlegar, niðurlægjandi, auðmýkjandi eða móðgandi fyrir viðkomandi.

Ofbeldi: er hvers kyns hegðun sem leiðir til eða gæti leitt til líkamlegs eða sálræns skaða eða þjáninga þess sem fyrir henni verður. Einnig hótun um slíkt, þvingun eða handahófskennd frelsissvipting.

Markmið: einelti, áreitni og ofbeldi er ekki liðið á starfsstöðvum sveitarfélagsins

<i>Aðgerð</i>	<i>Ábyrgð</i>	<i>Tími</i>
Skrifleg viðbragðsáætlun um það hvernig tekið er á málum ef upp kemur ábending um áreitni, einelti og/eða ofbeldi	Mannauðsstjóri	Maí 2023
Mæling í vinnustaðgreiningu, niðurstöður rýndar og sértækar aðgerðaráætlanir mótaðar eftir þörfum	Mannauðsstjóri og stjórnendur	Árlega eða oftár
Greina og meta áhættuþætti starfa með tilliti til félagslegrar áhættu.	Mannauðsstjóri og stjórnendur	Árslok 2023

Markmið: Stjórnendur og starfsfólk sé upplýst um viðbragðsáætlun sem snýr að félagslega umhverfinu með reglubundnum hætti og sé partur af nýliðafræðslu sveitarfélagsins. Tryggt er að viðbragðsáætlun sé aðgengileg öllu starfsfólki.

<i>Aðgerð</i>	<i>Ábyrgð</i>	<i>Tími</i>
Viðbragðsáætlun gegn einelti, áreitni og ofbeldi innleidd. Allar starfsstöðvar fá kynningu á áætluninni og þekki farveg til að mæta slíkum málum ef upp koma.	Mannauðsstjóri og stjórnendur	Júní 2023
Viðbragðsáætlun gerð aðgengileg	Mannauðsstjóri	Maí 2023
Viðbragðsáætlun hluti af nýliðakynning og kynnt öllu nýju starfsfólki við ráðningu	Mannauðsstjóri og stjórnendur	Alltaf

Markmið: Koma í veg fyrir skaðlega vinnustaðamenningu, stuðla að virkum forvörnum og koma í veg fyrir einelti, áreitni og ofbeldi á starfsstöðvum.

<i>Aðgerð</i>	<i>Ábyrgð</i>	<i>Tími</i>
Reglubundin fræðsla fyrir stjórnendur og starfsfólk um félagslegt umhverfi	Mannauðsstjóri og stjórnendur	September ár hvert

Íbúar Suðurnesjabæjar

Suðurnesjabær er fjölmenningsambúð og taka þarf mið að fjölbreytileika samfélagsins í allri starfsemi sveitarfélagsins.

Markmið: Auka vitundarvakningu á fjölmenningsambúð og stuðla að velferð allra.

<i>Aðgerð</i>	<i>Ábyrgð</i>	<i>Tími</i>
Sveitarfélagið er virkur þátttakandi í velferðarneti Suðurnesja	Sviðsstjóri stjórnsýslusviðs og fjölskyldusviðs	Alltaf
Allt starfsfólk fær kynningu á þáttum sem snúa að velferð íbúa Suðurnesjabæjar	Sviðsstjóri stjórnsýslusviðs og fjölskyldusviðs	Alltaf
Fara yfir og meta möguleika á nýtingu gagna frá Hagstofu Íslands og velferðarneti Suðurnesja varðandi stöðu fjölmenningar á svæðinu með það að markmiði að styrkja innviði sveitarfélagsins	Sviðsstjóri stjórnsýslusviðs	Lok árs 2023

Markmið: Suðurnesjabær vill tryggja að sú þjónusta sem sveitarfélagið veitir sé skilvirk, örugg og góð. Þjónustan á að standa öllum til boða óháð kyni, þjóðerni eða öðrum ómálefnalegum þáttum

<i>Aðgerð</i>	<i>Ábyrgð</i>	<i>Tími</i>
Þjónustukönnun framkvæmd til að meta þjónustuþætti sveitarfélagsins og fá samanburð við sömu hjá öðrum sveitarfélögum	Sviðsstjóri stjórnsýslusviðs	Árslok á hverju ári
Skoða möguleika á að staðfesta Evrópusáttmála um jafna stöðu kvenna og karla í sveitarfélögum og héruðum frá 2008.	Sviðsstjóri stjórnsýslusviðs	Árslok 2023

Endurskoðun stefnu

Suðurnesjabær skuldbindur sig til þess að endurskoða og meta árangur áætlunar í jafnréttismálum á ári hverju. Suðurnesjabær er jafnframt heimilt að breyta þessari áætlun án fyrirvara, m.a. vegna breytinga á gildandi lögum og reglugerðum.

Allar breytingar verða birtar á heimasíðu Suðurnesjabæjar og taka gildi frá birtingu þeirra.

Gildistaka

Jafnréttisáætlun Suðurnesjabæjar var samþykkt af bæjarstjórn 3. maí 2023 og öðlast gildi við birtingu hennar.

Magnús Stefánsson, bæjarstjóri Suðurnesjabæjar